

Morgunblaðið

mbl.is/gagnasafn

Sunnudaginn 15. nóvember, 2009 - Sunnudagsmoggi

Lífið er svo skemmtilegt

Viðtal Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrun@mbl.is



Listamaðurinn „Ég er frekar einrænn maður sem þarf frið til að hugsa og velta fyrir sér hlutunum.“



[Smelltu til að sjá stærri mynd]

Jóhann G. Jóhannsson tónlistarmaður sendir frá sér nýjan geisladisk á sama tíma og hann berst við krabbamein. Hann hefur hafnað aðgerð og lyfjameðferð og segist ætla að fara sína eigin leið.

Jóhann G. Jóhannsson hefur um árabíl verið í hópi vinsælustu tónlistarmanna þjóðarinnar. Hann starfaði meðal annars með hljómsveitunum Óðmönnum, Náttúru og Póker en hefur einnig átt afar farsælan sólóferil. Meðal vinsælla laga hans eru Don't Try to Fool Me, Traustur vinur, Eina ósk og Hversvegna vars't ekki kyrr? Í ár sendir hann frá sér geisladiskinn Á langri leið þar sem hann flytur eigin lög og texta. „Ég vona að þessi plata spegli vegferð mína,“ segir Jóhann. „Þessi lög hafa ekki heyrst áður, elsta lagið er frá 1963 og það yngsta frá því í fyrra en textarnir eru margir hverjir samdir seinna en lögin. Diskurinn spannar langt tímabil, á að vera fjölbreyttur og endurspeglar ýmsar stíltegundir.“

Henta ekki í hljómsveit

Ætlaðirðu þér alltaf að verða tónlistarmaður?

„Ég ætlaði mér sem krakki að verða myndlistarmaður. En þegar maður er orðinn fjórtán ára gutti í Keflavík og sér ægimátt poppsins og hvernig stelpurnar dýrka poppstjörnur þá er eðlilegt að mann dreymi um frægð og frama. Ég fór í nám í Samvinnuskólann á Bifröst og kom með gítar sem ég hafði lært á nokkur grip og um leið þótti sjálfsagt að ég væri í skólahljómsveitinni. Þannig hófst ferillinn. Eftir nám flutti ég suður og Óðmenn voru stofnaðir 1966. Við byrjuðum sem atvinnumenn, ætluðum að leggja tónlistina fyrir okkur.“

Þér gekk mjög vel, fórst til Bretlands og tókst upp plötur og þér var um tíma spáð frægð erlendis. Af hverju varð ekki af henni?

„Íslenskir popparar voru mjög einangraðir hér heima á þessum tíma. Ég vissi að frægðardraumar væru óraunsæir en það blundaði samt í mér að hægt væri að komast lengra. Umboðsfyrirtækið Screen Pro sem ég gerði tveggja ára samning við kynnti mig á Midem í Frakklandi árið 1975 og það komu nokkur tilboð en mér fannst afar fráhrindandi hugmynd að þurfa að flækjast um Evrópu næstu árin til að halda tónleika. Mig langaði ekki svo mikið að verða frægur að ég nennti að leggja það á mig. Þannig að ég hafnaði þeirri leið. Ég uppgötvaði að draumur minn væri ekki að standa á sviði og syngja fyrir fólk. Draumurinn var frekar að vera lagahöfundur sem syngi lög sín inn á plötur og semdi fyrir aðra. Ég var í mörg ár í hljómsveitum og það var mjög krefjandi og þá var oft ekki mikil orka aflögu til að semja lög. Sennilega henta ég ekki í hljómsveit. Ég er frekar einrænn maður sem þarf frið til að hugsa og velta fyrir sér hlutunum.“

Þú hefur málað í áratugi og haldið sýningar, er það einræni maðurinn sem finnur sér farveg þar?

„Myndlistin hefur gefið mér það næði og rými sem ég þarf. Þegar ég vinn að henni fæ ég gjarnan hugmyndir að lögum og textum. Myndlistin er mér mikils virði og íslensk náttúra og þau hughrif sem hún skapar hafa verið mér endalaus yrkisefni í langan tíma.

Ég er sjálfmenntaður í myndlist og er sömuleiðis sjálfmenntaður í tónlist. Maður getur aflað sér menntunar með ýmsu móti. Miðað við hvernig tónlistarkennslan var hér á árum áður þá velti ég því fyrir mér hvort hún hefði verið of hamlandi fyrir mig eða hvort útkoman hefði orðið betri en hún er hefði ég aflað mér menntunar. Ég hallast að því að útkoman hefði orðið síðri.“

Hvernig kenndirðu sjálfum þér í tónlistinni?

„Ég hafði lag á því að hlusta á aðra og lærði af því sem hreif mig. Ég lagði heilmikið á mig til að kenna sjálfum mér að spila á bassa og syngja. Þetta var stíf vinna því það var enginn til að segja mér hvernig ætti að gera þetta. Ég fann það út sjálfur með því að hlusta og taka eftir. Síðar, haustið 1995, hóf ég nám við Tónlistarskólann í Kópavogi og lærði þar meðal annars raftónlist og gerði dálítið framúrstefnulegan disk sem var tileinkaður aldamótunum 2000-2001 og kom út í desember 1999 og heitir 3 pýramídar. En það er alls ekki fyrir Bylgjuhlustendur að hlusta á hann.“

Spiluðum í ullarpeysum

Hverjir eru minnisstæðustu tónlistarmenn sem þú hefur unnið með?

„Ég hef aldrei átt í eins nánum samskiptum við tónlistarmenn eins og þegar við unnum saman Finnur Torfi Stefánsson, Ólafur Garðarsson og Reynir Harðarson í Óðmönnum. Tónlistin var okkar líf meðan samstarfið varði. Við vorum ekki dæmigerðir popparar, þóttum nokkuð sér á parti. Í fyrsta sinn sem við spiluðum opinberlega vorum við mjög þjóðlegir, vorum í ullarpeysum sem amma Finns hafði prjónað á okkur. Við drukkum ekki á meðan við vorum að spila, ólíkt því sem margir aðrir tónlistarmenn gerðu. Þetta var gömul regla sem Engilbert Jensen, af öllum mönnum, hafði sett og við virtum alla tíð með einhverjum undantekningum þó. Eftir tónleika og böll fórum við yfirleitt ekki í parti heldur höfðum við meiri áhuga á að ræða um tónlistina í næði og hvernig til hefði tekist það kvöldið.

Við vorum kannski fyrsta íslenska hljómsveitin sem tók þjóðfélagslega afstöðu í textagerð. Í laginu Spilltur heimur voru þessar línur eftir mig:

Bisnessmenn, þeir vilja stríð

svo seljist þeirra vopn

af þeirra völdum er heimurinn

sem skiðlogandi ofn.

Fósturfaðir Ólafs Garðarssonar, Garðar Þorsteinsson, var ekki ánægður með að ég skyldi gera bisnessmennina svona ljóta. En í dag finnst mér ég enn hafa hitt naglann á höfuðið því við höfum séð að peningaöflin svífast einskis og meta mannlíf lítils.“

Ertu pólitískur?

„Ég sem listamaður komst fljótlega að því að skoðanir mínar rúmast ekki í einum flokki. Ég hef alla tíð haldið mig fyrir utan flokkspólitík en tekið afstöðu til málefna. Ég er mjög ánægður með þá afstöðu mína og kýs þann flokk sem mér líst best á hverju sinni.“

Dauðinn sem félagi

Maður sér poppara alltaf fyrir sér sem unga menn en þú ert orðinn 62 ára.

„Þegar ég lít ekki í spegil finnst mér ég vera jafnugur og ég var fertugur. Það er eins og ég hafi ekkert elst innra með mér. Ég er þakklátur fyrir að hafa náð þessum aldri. Í mörg ár trúði ég því að ég myndi ekki verða eldri en fertugur. Ég veit ekki hvernig sú fóbía komst inn í hausinn á mér. Nú er ég orðinn 62 ára. Er það ekki ágætur aldur? En þegar maður er kominn á þann aldur segir maður við sjálfan sig: Ég vil fá tuttugu ár í viðbót vegna þess að lífið er svo skemmtilegt.“

Þú ert að berjast við veikindi. Segðu mér frá því.

„Snemma árs 2008 fór ég til læknis til að fá niðurstöður úr rannsókn. Hann sagði mér að ég væri með krabbamein í ristli en væri heppinn að það hefði greinst svo snemma. Nú þyrfti ég að drifa mig í aðgerð. Mér leið eins og ég væri skyndilega orðinn aðalleikari í fremur lélegri krabbameinsbíómynd. Á leiðinni heim velti ég því fyrir mér hvernig ég ætti að segja konunni minni tíðindin. Þegar ég opnaði dyrnar heima kallaði hún til mín: Hvað sagði læknirinn? Ég fór úr skónum um leið og ég kallaði: Ég er með krabbamein. Þú lýgur því, sagði hún. En ég var ekki að ljúga. Það tók okkur smátíma að átta okkur á því hvernig við ættum að segja krökkunum og vinum fréttirnar. Við ákváðum að gera ekki mikið drama úr þessu. Nú vona ég að ég komist í gegnum þetta.

Ég fór í aðgerð í mars síðastliðnum þar sem æxlið úr ristlinum var fjarlægð. Ég fór fremur létt í gegnum þá aðgerð, nánast óttalaus. Ég vissi að aðgerðin var óhjákvæmileg og upplifði ákveðið æðruleysi í þeirri stöðu sem ég var í. Eftir aðgerðina vildu læknar meina að krabbameinið væri komið í lifur og þá voru engir kostir góðir. Mér bauðst að fara í aðra aðgerð eða lyfjameðferð þar sem líkurnar á því að hún virkaði voru taldar einn á móti sex. Ég hafnaði aðgerð og lyfjameðferð og sagðist ætla að fara mína eigin leið. Læknirinn sagði að miðað við normið þá myndi ég lifa í sex til tólf mánuði ef ég gerði ekkert. Þetta var í maí síðastliðnum þannig að samkvæmt orðum hans ætti ég að vera nánast við dauðans dyr. Mér líður hins vegar alveg ágætlega.“

Þú segist ætla að fara þína eigin leið. Hvaða leið er það?

„Ef líkaminn hefur sem best skilyrði læknar hann sig sjálfur. En maður þarf að skapa honum réttu skilyrðin. Lækningin er fólgin í því að efla mótstöðukerfi líkamans. Ég geri það með réttu mataræði. Ég hef aflað mér mikilla upplýsinga, ekki síst á netinu, og notast meðal annars við ráð Johanna Budwig, sem var lífefnafræðingur og var sjö sinnum tilnefnd til nóbelsverðlauna. Hún setti fram merkar kenningar um lækningamátt rétts mataræðis og hollustu sérstakrar blöndu af hörfræolíu og mjólkurprótíns, sem ég fer eftir. Ég sagði læknum mínum frá henni og hann svaraði: Jóhann minn, það er svo margt á netinu. Þegar hann sagði þetta vissi ég að ég gæti ekki notað hann sem ráðgjafa.

Í nútímakrabbameinslækningum er verið að láta fólk ganga í gegnum hrikalegar þjáningar. Lyfin eyðileggja mótstöðuaflíð sem á að vera vörn. Er það gáfulegt? Ef þú átt í stríði þá er ekki viturlegt að byrja á því að afvopna eigin her. Ef gullfiskurinn í búrinu verður veikur, ferðu þá að fikta við gullfiskinn? Nei, þú athugar hvort vatnið sé í lagi og hvort ekki þurfi að skipta á því.“

Hvernig er það að standa einn daginn andspænis dauðanum?

„Maður veit að á endanum deyr maður, það er bara ekki sama hvernig eða hvænær. Ég hef oft hugsað um dauðann. Það er ekki slæmt að hafa hann sem féлага í lífinu. Það hjálpar manni að lifa í núinu. En ég ætla mér að lifa lengi enn. Lífið verður betra með aldrinum.“

Þú talar um dauðann sem fylgdarmann. Trúirðu á líf eftir dauðann?

„Stundum geri ég það. Á níunda áratugnum rak ég í nokkur ár Gallery Lækjartorg þar sem ég seldi myndlist og tónlist. Reksturinn gekk ekki vel og lífið var verulega erfitt. Einn daginn þurfti ég að fara í aðgerð vegna þess að fjarlægja þurfti góðkynja æxli í nefkoki. Fyrir svæfinguna leið mér þannig að mér var nokkurn veginn sama þótt ég vaknaði ekki aftur. Ég var bara feginn að fá hvíld. Aðgerðin gekk vel og á þessum tíma las ég bók um hinn andlega indverska leiðtoga Sai Baba sem hafði svo mögnuð áhrif á mig að ég trúði á líf eftir dauðann í nokkurn tíma á eftir. Núna er ég ekki viss og hver ætti svosem að vera tilgangurinn með lífi eftir dauðann? En karmalögmálið höfðar til mín því mér finnst rökrétt að við fæðumst aftur til að takast á við gjörðir okkar í fyrra lífi.“

Þú ert í baráttu fyrir lífi þínu. Ertu sáttur við að vera í þeirri stöðu?

„Mér finnst ég mjög vel settur. Manneskjan þarf að takast á við svo margt í lífi sínu og mér er engin vorkunn. Ég er að glíma við veikindi eins og svo margir. Þegar ég lít til baka er ég mjög sáttur við minn feril sem ég vona og vil að verði lengri.“

Aðrar greinar

Sunnudaginn 15. nóvember, 2009 - Sunnudagsmoggi

- Þetta kallar maður súpergrúppu!
- Spennusaga um skáld með völd
- Vigdís í nýju ljósi
- Eins og í góðri lygasögu
- Rapparann Coolio?
- Missti mig dag hvern og fór klyfjuð...
- Undir vakandi augum yfirvalda
- Skáldsagan og barneignir
- Eins og lítið yndislegt þorp
- Með blíðum kveðjum
-

Slóð:

http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1310331;searchid=68c89-4732-ff590

Skoðað: 2011-01-26 10:21

© mbl.is/Árvakur hf